

13. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn **25. nóvember 2019, kl. 13:00** á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru: Guðlaugur A.Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Björn Torfason Melum 1, Eva Sigurjörnsdóttir Djúpavík og Úlfar Eyjólfsson Krossnesi 1.varamaður í fjarveru AB.

1. Fjárhagsáætlun 2020-2023, fyrri umræða
2. Bréf frá Minjastofnun í tengslum við Brothættar byggðir.
3. Sumarhús - öryggisnúmer, bréf frá Landssambandi sumarhúsaeigenda.

Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun 2020-2023, fyrri umræða. Halldóra Pálsdóttir var á línuna og fór yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun næstu ára. Settur verður inn við seinni umræðu viðauki vegna langtímakrafa aðalsjóðs í eignarsjóð. Að umræðu lokinni var fjárhagsáætlun afgreidd til seinni umræðu.
2. Bréf frá Minjastofnun í tengslum við Brothættar byggðir. Verkefnastjórn brothættra byggða mun væntanlega halda fund fljótlega um málið.
3. Sumarhús - öryggisnúmer, bréf frá Landssambandi sumarhúsaeigenda. Ákveðið var að oddviti myndi vekja athygli á þessu máli á FB síðum Árneshrepps.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:15